

## Stjórnarfundur Félags hrossabænda í síma 29. ágúst 2019, kl 20:00

Á fundinum voru Sveinn Steinarsson, Eysteinn Leifsson, Vignir Sigurðsson, Heiðrún Eymundsdóttir,

1. Sumarexem, staða og næstu skref !

Klára að skrifa lýsinguna á hrossunum alger þægð skilyrði – ákv að bjóða verðbilið 150 – 250 þús og hrossin greidd þegar þau verða flutt út eða mars 2020 - aldursbil hrossanna 6-12 vetra – Félag hrossabænda mun útvega og afhenda hrossin í desember byrjun.

Ákveðið að svæðisskipta vinnunni við að útvega hrossin og tillaga sem getur tekið breytingum :

**Vignir, Heiðrún** - Húnavatnssýslur og austur og norður um -

**Eysteinn, Sveinn** - Vesturland og Suðurland -

**Einar Ben** - Austurland -

Rætt um að það þurfi að vekja athygli á verkefninu og því að við séum ásamt þeim sem standa að rannsóknarvinnunni að leggja í lokaáfangann sem er samanburðarrannsókn í Sviss. Ýmislegt nefnt í því sambandi og rétt að nýta hestamiðlanna vel og svo aðra möguleika eftir atvikum.

2. Sölusýning í tengslum við Laufskálaréttir.

Rætt um sölusýningu sem haldin yrði í samvinnu við Hrossaræktarsamband Skagfirðinga. Formaður vinnur að málinu með formanni H.S.

3. Aðalfundur, ráðstefna fagraðs og uppskeruhátíð - er tilefni til breytinga með því að slá saman aðalfundi og ráðstefnu fagraðs?

Umræða og ýmsar vangaveltur sambandi við fundarhöldin í haust en sumum hefur fundist tilefni til breytinga. Ákveðið að ræða þessi mál betur á næsta fundi stjórnar.

4. Önnur mál

Stjórn ræddi erindi / ábending sem barst símleiðis, en verður ekki upplýst frekar um á þessu stigi.

Fundi slitið 22:15